

Priðji fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 8. mars 2018 kl. 20:30

Mættir eru: Eggert Kjartansson, Katrín Gísladóttir, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson og Halldór Jónsson sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Ingveldur Eiríksdóttir skólastjóri mætir á fundinn og fór yfir starfsemi skólans.
2. Drög að samkomulagi um sameiginlega almannavarnarnefnd á Vesturlandi. Samþykkt.
3. Bréf frá Orkustofnun dagsett 5. mars 2018 þar sem farið er fram á umsögn um nýtingarleyfi á jarðhita í landi Lynghaga. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við að leyfið verði veitt.
4. Íbúalisti fyrir Eyja og Miklaholtshrepp, 1. desember 2017. Íbúar 128 1. desember 2017
5. Breiðablik – salernismál og gólefni. Samþykkt að semja við gólfagnir samanber prufum sem oddviti kom með. Samþykkt að kaupa gám með tveimur klósettum.
6. Drög að reglum Eyja og Miklaholtshrepps vegna götu og torgsölu. Samþykkt að fara betur yfir reglur fyrir næsta fund.
7. Umsókn um stöðuleyfi fyrir matavagn að Breiðabliki frá Helix slf. Afgreiðslu frestað. Samþykkt að fara yfir málið með stjórn svæðisgarðsins sem fyrst.
8. Skipulags og byggingarfulltrúi fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp. Oddviti fór yfir málið og mun vinna í því áfram.
9. Umsögn um rekstrarleyfi vegna gististaðar í flokki IV, frá Rjúkandi að Vegamótum. Hreppsnefnd veitti jákvæða umsögn.

Lagt fram til kynningar.

10. 147. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands
11. Aðalfundarboð vegan SSV funda 19 mars 2018

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Gísli Guðmundsson (sign)
Atli Sveinn Svansson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)